



Reglur um listaverk í eigu Fljótshéraðs

Tilgangurinn með reglum þessum er

- að listaverk í eigu sveitarfélagsins gefi góða mynd af verkum eftir listafólk frá Fljótshéraði frá öllum tímum
- að sveitarfélagið eignist verk listafólks sem búsett er á eða er frá Fljótshéraði, en einnig öðru listafólki, ekki síð því sem sýnir verk sín í sveitarfélaginu,
- að stuðla að því eftir fremsta megni, að fegra byggingar og stofnanir sveitarfélagsins, umhverfi þeirra eða opin svæði með listaverkum
- að stuðla að því að safnkostur sveitarfélagsins sé til sýnis í stofnunum þess og í almannarými utan dyra.

Með listaverkum er átt við hvers konar fasta og lausa listmuni, svo sem veggskreytingar innan húss og utan, höggmyndir, málverk, myndvefnað, minnisvarða og aðra listræna fegrun. Þá getur listaverk verið eiginlegur byggingarhluti, að hluta eða í heild, og órjúfanlegur hluti af byggingu eða umhverfi hennar.

Listaverk í eigu sveitarfélagsins skulu vera í góðu ásigkomulagi og varðveitt við viðeigandi skilyrði. Haldið skal utan um helstu upplýsingar um verkin á skrifstofu sveitarfélagsins, s.s. um höfund þeirra, ártal, efni og aðferð og bakgrunn verkanna.

Listaverkin verði hluti af listaverkasafni sveitarfélagsins. Umsjón með skráningu og útlánnum verkanna er á hendi atvinnu- menningar- og íþróttafulltrúa sveitarfélagsins.

Kaup og gjafir

Atvinnu- og menningarnefnd tilnefnir tvo fulltrúa í valnefnd til tveggja ára sem ásamt atvinnu-, menningar- og íþróttafulltrúa gerir tillögur til nefndarinnar um kaup eða móttöku á listaverkum. Lögð skal áhersla á að fulltrúar valnefndar hafi þekkingu og áhuga á listum.

Lögð skal áhersla á kaup á listaverkum þeirra listamanna sem sýna í Sláturhúsinu eða í samstarfi við Menningarmiðstöð Fljótshéraðs eða aðrar stofnanir sveitarfélagsins, eftir því sem fjárhagur leyfir og ástæða þykir til. Hægt er að víkja frá þessu ef tillögur um slíkt koma frá valnefnd eða atvinnu-, menningar- og íþróttafulltrúa til atvinnu- og menningarnefndar.

Atvinnu- og menningarnefnd getur jafnframt auglýst eftir listaverkum til kaups. Hægt er að hafna kaupum á listaverkum sem sveitarfélaginu eru boðin til kaups, án rökstuðnings.

Atvinnu- og menningarnefnd skal við gerð fjárhagsáætlunar ákveða fyrir komandi ár hvaða fjárhæð skuli sérstaklega varið til listaverkakaupa á því ári. Komi fram tillögur um kaup á listaverki eða listaverkum sem ekki rúmast innan þeirrar upphæðar skal málið afgreitt í atvinnu- og menningarnefnd.



Áður en Fljótsdalshérað tekur við listaverkagjöfum, með eða án skilyrð, skal verkið tekið út af valnefnd. Valnefnd skal skila umsögn með rökstuðningi fyrir vali eða höfnun á verkinu og leggja fyrir atvinnu- og menningarnefnd til afgreiðslu.

Gjöf skal fylgja gjafabréf sem taka skal fyrir í valnefnd. Fylgi gjafabréf ekki gjöf skal menningarfulltrúi sveitarfélagsins útbúa minnisblað um gjöfina.

Þótt sveitarfélagið veiti listaverki viðtöku sem gjöf má það eigi takast á hendur kvaðir um aðra meðferð þess en annarra listaverka safnsins. Þó getur atvinnu- og menningarnefnd veitt undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstök rök mæla með því.

Við val á listaverkum ber að fara eftir listrænu gildi þeirra. Valnefnd leitar faglegrar ráðgjafar eftir því sem það telur nauðsynlegt í hverju tilviki.

Ef stofnun sveitarfélagsins hyggst láta koma fyrir listaverki á almannafæri, s.s. á opinberum byggingum og á opnum svæðum skal það gert í samráði við valnefnd.

Áður en gengið er frá móttöku eða kaupum á útilistaverki skal liggja fyrir umsögn / afgreiðsla umhverfis- og framkvæmdasviðs.

Útlán, meðferð, höfundarréttur

Heimilt er að lána listaverk í eigu sveitarfélagsins tímabundið til stofnana sveitarfélagsins og á listsýningar eða til rannsókna, enda sé gætt réttar höfunda samkvæmt ákvæðum höfundalaga um slíkar sýningar.

Höfundur verks á rétt á að fá verk sín lánuð á eigin sýningar og til endur- og afritagerðar í samræmi við höfundalög, sé slíkt framkvæmanlegt, tímasetning skarist ekki á við áætlanir Fljótsdalshéraðs og sé án kostnaðar fyrir sveitarfélagið.

Vandað skal til verka við val á staðsetningu og uppsetningu listaverka þannig að þau megi njóta sín sem best.

Öll lán á listaverkum þurfa að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Gæta skal ýtrustu varkárni við meðferð og uppsetningu verka ..
- Verk skulu flutt á milli staða í við eins góðar aðstæður og aðbúnað og mögulegt er, á kostnað lántaka.
- Yfirmenn stofnana skulu ábyrgir fyrir verkum sem lánuð eru í stofnanir þeirra og bera þar með ábyrgð á öryggi þeirra og ástandi.
- Verkum sem eingöngu mega vera innan dyra skal komið fyrir þar sem sól skín ekki á þau og hiti og raki er jafn og eðlilegur (nema annað eigi við) og þar sem þeim stafar almennt ekki hættu af umferð fólks við þau.
- Ef eitthvað kemur fyrir listaverk á meðan það er á ábyrgð lántaka, þannig að gera þurfi við það eða skipta um ramma, skal það gert á kostnað lántaka að fengnu leyfi valnefndar.

Ef um vanrækslu af hálfu lántaka er að ræða á meðferð verka, samkvæmt reglum þessum, skal þeim strax skilað ef óskað er eftir því.



Gengið skal frá skriflegu samkomulagi milli listaverkasafnsins / Fljótshálfarhrepps og hlutaðeigandi stofnunar, þar sem tilgreindir eru allir skilmálar fyrir láni listaverksins eða listaverkanna, þar með talin, lánstími og meðferð verkanna meðan á láni stendur.

Fljótshálfarhreppur hefur rétt til opinberra sýninga á listaverkum í eigu eða vörslu sveitarfélagsins.

Fljótshálfarhreppur hefur rétt til eftirmyndunar eða annarrar eftirgerðar listaverka í eigu eða vörslu sveitarfélagsins, svo sem til skrásetningar, til kynningar á sveitarfélaginu eða á viðburðum á vegum þess og til birtingar í hvers kyns kynningarefni, með samþykki höfundarréttarhafa í samræmi við höfundalög.

Samþykkt í atvinnu- og menningarnefnd 25. febrúar 2019

Samþykkt í bæjarstjórn Fljótshálfarhrepps 6. mars 2019